

Alþingi - Landbúnaðarnefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

**Umhverfisstofnun**

Environmental Protection Agency of Iceland

• Lækjargata 24  
101 Reykjavík, Iceland

• +354 423 91 2000  
• +354 423 91 2010  
• [umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 24. mars 2006  
Tilvísun: UST2006030009/tb

**Efni: Frumvarp til laga um landshlutaverkefni í skógrækt**

Vísað er í bréf frá Landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 1. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um landshlutaverkefni í skógrækt, 555. mál, samræming laga, endurgreiðsla framlaga o.fl.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir framangreint frumvarp og að mati stofnunarinnar er það til bóta að setja ein lög um landshlutaverkefni í skógrækt. Eins og kemur fram í athugasemdum við frumvarpið var stefnt að endurskoðun laga um landshlutabundin skógræktarverkefni nr. 56/1999 að fjórum árum liðnum frá setningu þeirra. Töluverð reynsla er komin á framkvæmd laganna en áhugi fyrir skógrækt hefur verið mikill en gerðir hafa verið 760 samningar við skógræktarbændur og aðra landeigendur og gróðursettar um 40 milljónir plantna í um 18 þúsund hektara lands. Ýmsar breytingar eru gerðar á lögunum hvað varðar atriði sem snúa að samningum við landeigendur og sú breyting verður að landbúnaðarráðherra er heimilt að starfrækja landshlutaverkefni í skógrækt í stað þess að stofna til þeirra eins og nú er. Ekki er því gert ráð fyrir nýum landshlutaverkefnum. Einnig er áfram gert ráð fyrir að verkefnið í heild sinni nái til um 5 % lands undir 400 m y.s. eða því sem samvarar til um rúmlega 2100 km<sup>2</sup> af landinu öllu.

**Umsögn:**

Á undansförnum árum, allt frá því að lög um Suðurlandsskóga voru sett og eftir að umfang landshlutabundinna skógræktarverkefna fór að aukast hefur verið bent á að skógrækt getur haft í för með sér miklar breytingar á landi svo sem hvað varðar líffræðilega fjölbreytni, landslag og einnig áhrif á menningarminjar og jarðmyndanir. Til dæmis má nefna að mestur hluti þeirrar skógræktar sem fer fram í dag er framkvæmd með innfluttm tegundum sem munu eftir nokkra áratugi breyta verulega náttúru Íslands landslagi jafnt sem tegundasamsetningu. Ágreiningur hefur verið um hvernig skuli staðið að vali á svæðum til skógræktar en þó hefur náðst ákvæðið samkomulag um leiðbeiningar til þeirra sem stunda skógrækt. Leiðbeiningarnar voru unnar í samvinnu skógræktargeirans og stofnana sem vinna við náttúruvernd og menningarminjavernd, sjá m.a. <http://www.skog.is/leidbeiningar.htm>.

Þrátt fyrir að nú séu liðin um 15 ár frá stofnun Héraðsskóga hefur aðeins verið gert eitt heildar „skipulag“ fyrir landshlutabundið skógræktarverkefni, Norðurlandsskóga. Að mati Umhverfisstofnunar er þar ekki um eiginlegt skipulag að ræða enda sýnir það ekki fyrirhuguð

skógræktarsvæði heldur hefur verið tekin sú stefna að skógrækt sé möguleg allsstaðar þar sem hún er ekki beinlínis óheimil. Tekið skal fram að skipulagið hefur ekki verið staðfest. Umhverfisstofnun hefur haldið því fram að þau yfirvöld sem fara með stjórn skógræktarmála og veitingu fjármagns til skógræktar eigi eins og aðrir aðilar sem gera áætlanir um stórfellda landnýtingu að sýna fram á hvar hún sé líklegust og hvar ekki. Þetta hefur til að mynda verið gert með náttúruverndaráætlun, sveitarfélög gera svæðis- og aðalskipulag, gerðar eru landgræðsluáætlanir o.s.frv.

Með hliðsjón af því sem kemur fram hér að framan um umfang verkefnisins og þeirrar reynslu sem komin er af landshlutabundnu verkefnunum kemur það Umhverfisstofnun á óvart að í framangreindu frumvarpi er hvergi tekið á neinum þáttum sem geta haft áhrif fyrir náttúruvernd. Til dæmis telur Umhverfisstofnun að endurheimt landgæða þ.e. landbótakógrækt eigi fyrt og fremst að fara fram með íslenskum trjátegundum en það væri í samræmi við samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Þar sem allt að 97 % af stofnkostnaði við landshlutaverkefni í skógrækt er framlag frá ríkinu verður að gera þá kröfu að slík skógrækt sé í samræmi við aðrar skuldbindingar t.d. á sviði náttúruverndar. Mun betur þarf því t.d. að skilgreina hvað telst til landbótakógræktar og fegra land, bæta jarðveg og nýta verndarmátt skóga. Hér skal bent á að lög um náttúruvernd taka skýrt fram að við skógrækt skuli þess gætt að **hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.** Engin ákvæði er í frumvarpinu um að ekki skuli styðja skógrækt sem brytur í bága við þetta. Lang mestur hluti skógræktar í dag fer fram í algróið land og því að mörgu leiti matskennt hvað er til bóta bæði hvað varðar landslag og gróður.

Umhverfisstofnun er ljóst að önnur lög eiga að tryggja að skógrækt sé í sátt við umhverfið. Stofnunin telur hins vegar að þegar um svo stórt verkefni er að ræða sem fjármagna á til margra áratuga eigi verkefnið sjálft að tryggja að tekið sé tillit til annarra laga svo sem náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun telur að slík ákvæði samræmist vel stefnu stjórnvalda sem kemur fram í Velferð til framtíðar. Er hér nóg að benda á hvað framræsla skurða var mikil á sínum tíma, mun meiri en þörf var fyrir. Fjölmörg dæmi eru um skógrækt erlendis sem hefur leitt til ýmissa árekstra og mikils kostnaðar en t.d. hafa bæði Skotar og Ástralalar eytt töluverðu fé til að endurheimta landgæði sem hafa tapast vegna skógræktar eða hliðarverkana.

Umhverfisstofnun hefur hér tæpt á nokkrum atriðum sem stofnunin telur ábótavant við framangreint frumvarp og leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á því:


1. Að skýrt komi fram í lögunum að landshlutaverkefnin fjármagni ekki skógrækt inn á friðlýstum svæðum eða öðrum verndarsvæðum sem sérstaklega eru vernduð vegna lífríkis, landslags, jarðmyndana eða menningarminja, nema í sérstökum undantekningartilfellum þar sem um væri að ræða að endurheimta upprunaleg vistkerfi með íslenskum tegundum í samræmi við lið 2 hér að neðan.
2. Að bætt sé við skilgreiningu í lögunum um endurheimt upprunalegra vistkerfa, t.d. birkiskóga, þar sem fram komi skýrt að það skuli gera með innlendum tegundum og að þar sé fyrst og fremst átt við skógrækt til að endurheimta land sem hefur fokið upp eða birkiskóga sem eru á undanhaldi vegna utanaðkomandi áhrifa. Endurheimtin skuli vera í samræmi við samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni.
3. Að skilgreining um landbótakógrækt verði gerð ítarlegri þar sem komi fram að hún skuli vera í samræmi við lög um náttúruvernd svo sem 36. og 37. gr. þeirra laga.
4. Að í 4. gr. frumvarpsins sé bætt við að landshlutaáætlun skuli innihalda kort sem sýni bæði


hvaða svæði eru undanskilin skógrækt vegna annarrar landnýtingar en ekki síður þau svæði þar sem skógrækt er talin líklegust. Í því mati þarf að koma fram hvar landshlutaverkefnin telja að ekki eigi að fara í skógrækt þó að lög banni ekki beinlínis skógrækt á þeim svæðum. Hér getur verið um að ræða svæði sem talin eru upp í 37. gr. náttúruverndarlaga svo sem mýrar og eldhraun eða svæði sem talin eru sérstök vegna landslags eða annars.

Umhverfisstofnun er ljóst að alls ekki liggur fyrir hvaða landeigendur muni taka þátt í skógræktarverkefnum og getur það því virst ósanngjarni að meta land sem ekki er hluti af verkefninu. Á hinn bóginn má benda á að ef ekki er um stórfellda skógrækt að ræða, þ.e. yfir 200 ha, fá náttúruverndaryfirvöld aldrei spurnir af verkefninu. Af þeim 760 samningum sem hafa verið gerðir hefur innan við tugur þeirra komið til umsagnar hjá Umhverfisstofnun. Ekkert utanaðkomandi mat fer því fram á skógræktarsvæðum eins og staðan er í dag. Það verður að teljast eðlileg krafa að sýna á korti hvar sé líklegast að 5 % af láglendi, 2100 km<sup>2</sup>, sem nýta á til skógræktar verði, bæði út frá gæðum lands til skógræktar og vegna annarra sjónarmiða.

Að lokum vill Umhverfisstofnun taka fram að góð samvinna hefur verið við skógræktaryfirvöld um að móta verklagsreglur, svo sem þær sem koma fram í „svæðisskipulagi“ Norðurlandsskóga og í leiðbeiningum sem nefndar eru hér að framan, en þeim er ætlað að verða til þess að skógrækt sé í sátt við umhverfið sbr. til dæmis náttúruverndarlög. Af þessari ástæðu telur Umhverfisstofnun komin tíma til að lögbinda framangreint verklag í lög um landshlutaverkefni í skógrækt enda samræmast það betur stefnu íslenskra stjórnvalda um að einstakir geirar beri ábyrgð í umhverfismálum sem að þeim snúa.

Virðingarfyllst

  
Trausti Baldursson

  
Árni Bragason